

29. október 2013

Athugun á starfsháttum Dróma hf. í tengslum við afturköllun endurútreiknings og afléttingu veðbanda

Í lok júní sl. hóf Fjármálaeftirlitið athugun á því hvort starfshættir Dróma hf. í tengslum við endurútreikning gengislána og afléttingu veðbanda samræmdust ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu (vaxtalög). Töluverð samskipti hafa átt sér stað milli Fjármálaeftirlitsins og Dróma hf. vegna athugunar þessarar.

Laut athugunin annars vegar að því hvort Drómi hf. hefði í andstöðu við lög afturkallað endurútreikning sem fór fram á grundvelli vaxtalaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010. Hins vegar laut athugunin að því hvort að félagið hefði fylgt 6. mgr. 18. gr. vaxtalaga sbr. lög nr. 151/2010, um afléttingu veðbanda þegar krafa var að fullu greidd. Tilfnið var að Drómi hf. virtist ekki hafa fellt niður tryggingarbréf sem sett voru til tryggingar skuldabréfum vegna upphaflegrar lánveitingar heldur lækkaði þá tryggingu sem í tryggingarbréfunum fólst þannig að eftir stóð sú fjárhæð sem nam mismuninum á skuld fyrir og eftir endurútreikning

Athugunin leiddi í ljós að Drómi hf. hefði ekki hlutast til um afléttingu veðbanda þegar krafa hefði talist að fullu greidd miðað við endurútreikning þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 18. gr. vaxtalaga. Jafnframt kom í ljós að Drómi hf. hefði í einu tilviki afturkallað endurútreikning, en í því máli hafði lánþegi stefnt félaginu til afléttingar veðbanda sem hvíldu á eign hans í samræmi við 6. mgr. 18. gr. vaxtalaga. Drómi hf. telur sig óbundinn af ákvæðum vaxtalaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 151/2010 þar sem tiltekin ákvæði þeirra brjóti í bága við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Hlutverk dómstóla er að úrskurða um hvort lög teljist samræmast stjórnarskrá. Eftirlitsskyldir aðilar þurfa að gæta þess að hlíta lögum sem sett hafa verið með stjórnskipulega réttum hætti, þ. á m. vaxtalögum. Ef eftirlitsskyldur aðili telur að lög standist ekki ákvæði stjórnarskrár þarf viðkomandi aðili að láta reyna á þá afstöðu fyrir dómstólum.

Ákvæði vaxtalaga sem á reyndi í athugun þessari eru að álit Fjármálaeftirlitsins bindandi þangað til annað tveggja kemur til að Alþingi breytir lögnum eða dómstólar kveða á um að þau brjóti í bága við stjórnarskrá og séu þannig að vettugi virðandi.

Með vísan til ofanritaðs og með hliðsjón af 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi fór Fjármálaeftirlitið fram á að Drómi hf. gætti þess að standa við gerða endurútreikninga samkvæmt vaxtalögum og afturkalla þá ekki nema að gættum vönduðum viðskiptaháttum varðandi röksemdir og upplýsingagjöf til viðskiptavinar. Hið sama á við um afléttingu veðbanda. Ef eftirlitsskyldur aðili telur að lög standist ekki ákvæði stjórnarskrár þarf viðkomandi að láta



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

reyna á þá afstöðu fyrir dómstólum áður en farið er í íþyngjandi aðgerðir gagnvart viðskiptavinum.

Því lagði Fjármálaeftirlitið fyrir Dróma hf. að grípa til ráðstafana í samræmi við ofangreinda niðurstöðu og gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir þeim.

Athygli er vakin á því að Drómi hf. hefur ákveðið að höfða mál til ógildingar á framangreindri ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.